

Háskóli Íslands og Félag háskólakennara (FH)

Viðauki við stofnanasamning vegna breytinga á kjarasamningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, 03.01.2020

Kafli I, akademísk launatafla 696

Kafli I tekur gildi 1. september 2020

1. Aðjúnktar 1, lektorar og dósentar. Röðun í launaflokka og launaprep

Aðjúnktar 1, lektorar og dósentar raðast í launaflokka innan nýrrar akademískar launatöflu eins og fram kemur í töflu 1A. Stig eru metin samkvæmt samræmdu matskerfi opinberu háskólanna.

Tafla 1A

Aðjúnktar 1, lektorar, dósentar		
Ranns.stig	Heildarstig	Lfl.
<135	<250	L08-0
135	250	L09-0
270	375	L10-0
335	500	L11-0
400	625	L12-0
475	750	L13-0
550	900	L14-0
650	1050	L15-0
750	1200	L16-0
1000	1600	L17-0
1500>	2000>	L18-0

Röðun í launaprep 0-7 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E og F hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 1B. Röðun í launaprep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir matsþætti þessa. Stigatalning samkvæmt töflu 1B kom fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015.

Tafla 1B

Launaprep	0	1	2	3	4	5	6	7
	<50	50	100	150	300	450	600	800

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa aðjúnkta 1, lektora og dósentar á milli launaflokka og launaprepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfspátta skv. staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknaskýrslu, sbr. matskerfi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun um launaflokk- og/eða launaprep frá sama tíma. Við röðun í launaflokk er heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþátta á rannsóknastig.

2. Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn. Röðun í launaflokka og launaprep

Þeir sem hlotið hafa ráðningu í akademísku starfsheitin; sérfræðingur, fræðimaður og vísindamaður raðast í launaflokka innan nýrrar akademískar launatöflu eins og fram kemur í töflu 2A og í samræmi við rannsóknaskyldur þeirra, annars vegar er um að ræða 40% rannsóknaskyldu og hins vegar 60% eða hærrí. **Lágmarksröðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna er í L07-1.** Stig eru metin samkvæmt samræmdu matskerfi opinberu háskólanna.

Tafla 2A

40%	60%+	Heildarstig	Röðun
		<200	L06-1
		200	L07-1
135	155	250	L08-1
270	320	375	L09-1
335	410	500	L10-1
400	500	625	L11-1
475	600	750	L12-1
550-	720	900	L13-1
650	840	1050	L14-1
750	960	1200	L15-1
1000	1280	1600	L16-1
1500>	1600>	2000>	L17-1

Röðun í launaprep 1-8 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E og F hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 2B. Röðun í launaprep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir matsþætti þessa. Stigatalning samkvæmt töflu 1B kom fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015.

Tafla 2B

Launaprep	1	2	3	4	5	6	7	8
	<50	50	100	150	300	450	600	800

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn á milli launaflokka og launaprepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. rannsóknaskýrslu, sbr. matskerfi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun um launaflokk- og/eða launaprep frá sama tíma. Við röðun í launaflokk er heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á rannsóknastig.

3. Nýdóttarar

Þeir sem ráðnir eru í fullt rannsóknastarf á sérsviði sínu sem nýdóttarar eiga kost á að fá störf sín metin samkvæmt matskerfi opinberu háskólanna og raðast þá til launa samkvæmt töflu 2A. Lágmarksröðun nýdóttarar er í L06-1, nýdóttarar raðast ekki í launaprep eftir B, C, D, E og F hluta matskerfis opinberra háskóla.

Fyrirvari með röðunarforsendum í launaflokka og launaprep

Stofnanasamningur þessi miðast við matsreglur opinberra háskóla eins og þær eru við undirskrift samningsins. Ef endurskoðun á matsreglunum leiðir til breytinga á stigagjöf verða röðunarforsendur skv. töflum 1A, 1B, 2A og 2B endurskoðaðar af aðilum samningsins.

4. Vinnustundir umfram starfsskyldur

- 4.1. **Yfirvinna.** Hámark yfirvinnu kennara (sbr. tl. 1), sérfræðinga (sbr. tl. 2) og nýdóttarar (sbr. tl. 3) á ári er 200 klst. Tímakaup fyrir yfirvinnu er 1,0385% af viðkomandi mánaðarlaunum.
- 4.2. **Kennsla umfram starfsskyldur.** Starfsmanni er heimilt í samráði við yfirmann að kenna tímabundið umfram kennsluskyldur og flytja sem samsvarar allt að eins misseris hámarks á milli missera. Tímakaup fyrir kennslu umfram starfsskyldur, er fastur taxti 0,615% af launaflokki 14-0, þó ekki lægri upphæð en 0,615% af mánaðarlaunum viðkomandi.
- 4.3. **Þak á fjölda vinnustunda umfram starfsskyldur.** Þak á fjölda vinnustunda sbr. 4.1 og 4.2 er að hámarki eins og fram kemur í töflu 3.

Tafla 3

Launaflokkar:	06	07	08	09	10	11	12	13	14	15	16	17	18
Stundir alls á ári:	648	648	540	540	540	540	540	540	468	468	420	420	420

Kafli II, launatafla 695

Þeir félagsmenn í Félagi háskólakennara sem falla ekki undir kafla 1 og starfa m.a. við stjórnslu og stoðþjónustu og laun eru metin til stiga skv. starfsmatskerfi SKREFI, raðast til launa í samræmi við launatöflu 695, sbr. samkomulag um breytingar á kjarasamningi FH við fjármála- og efnahagsráðherra dags. 03.01.20. Þær forsendur sem ráða röðun í launaflokka og launaprep eru óbreyttar.

Í kjölfar undirritunar samnings þessa verður unnið að því að gera stig skv. SKREFI aðgengilegru fyrir félagsmenn sem taka laun samkvæmt starfsmatskerfinu. Þeirri vinnu skal lokið fyrir árslok 2020. Stefnt er að endurskoðun starfsmatskerfisins á samningstímanum.

Handwritten signatures and initials, including a large signature and the initials 'MD'.

Nýtt fyrirkomulag vinnutíma félagsmanna, er undir þennan kafla falla, og taka á gildi 1. janúar 2021, sbr. fylgiskjal 1 með kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra dags. 03.01.20 á að öðru óbreyttu ekki að leiða til breytinga á launum starfsfólks eða launakostnaði Háskóla Íslands. Í því felst að stytting vinnutíma á ekki að leiða til lækkunar á launum félagsmanna Félags háskólakennara. Jafnframt er forsenda breytinganna að starfsemi Háskóla Íslands raskist ekki og að opinber þjónusta sé af sömu gæðum og áður.

Reykjavík 3. janúar 2020

f.h. Háskóla Íslands

Gudni R. Jónsson
Læringsráðgjafi
Reynaldur Þorkelsson

f.h. Félags háskólakennara

Michal Dal
Bála Zaitz
Jónna R.
Iris Davídsdóttir

Samkomulag á milli Háskóla Íslands og Félags háskólakennara í tengslum við undirritun kjarasamnings í janúar 2020

Aðilar eru sammála um eftirfarandi:

1. Að endurskoða þurfi matskerfi opinberra háskóla, meðal annars hvað varðar stjórnun, kennslu og þjónustu. Stefnt verði að því að endurskoðun matskerfisins verði lokið fyrir árslok 2020 og komi fyrst til framkvæmda við mat verka ársins 2021.
2. Að breyta þurfi og einfalda umgjörð og skipulag matskerfis opinberra háskóla (sbr. samkomulag aðila frá 6. nóvember 2009) með aðkomu Félags háskólakennara. Stefnt verði að því að fyrir 15. september 2020 liggi fyrir tillögur um skipulag matskerfis opinberra háskóla og verði í því sambandi höfð hliðsjón af samkomulaginu frá 6. nóvember 2009.
3. Í samræmi við skýrslu innri endurskoðanda Háskóla Íslands frá des. 2017 og tillögu 12 í skýrslunni (er tengist tillögum 2, 3, 4, 5, 8, 9, 10 og 11 og 14) um að samræma reikniformúlu kennslu innan skólans, verði skipaður starfshópur af hálfu rektors til að greina verkefnið. Hafa skal að leiðarljósi að hér er um gæðamál að ræða auk þess sem einföldun mun auðvelda utanumhald og áætlanagerð við skólann. Hópurinn hafi í starfi sínu samráð við fastanefndir háskólaráðs, t.d. Fjármálanefnd og Gæðanefnd og ennfremur Félag háskólakennara. Hópurinn skoði sérstaklega fyrirhugaða endurskoðun reikniflokka á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Miðað er við að starfshópurinn skili af sér skýrslu fyrir árslok 2020. Í framhaldinu verði settur á laggirnar annar starfshópur af hálfu rektors, með fulltrúa Félags háskólakennara, sem kanni leiðir til að samræma reikniformúlu kennslu innan skólans. Sá starfshópur skili af sér tillögum eigi síðar en í árslok 2021.

Reykjavík, 3. janúar, 2020



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands



Michael Dal
formaður Félags háskólakennara